

Nd.

75. Frumvarp til laga

[56. mál]

um breyting á lögum nr. 20 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Einar Olgeirsson, Hermann Guðmundsson.

1. gr.

Í stað fyrri málsg. 5. gr. laganna kemur:

Fyrstu málsg. 12. gr. laganna skal orða svo:

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkvæmt 10. gr., skal draga 1200 kr. fyrir einstakling og hvern fjölskyldumeðlim.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Persónufrádráttur er nú í Reykjavík 900 kr. á einstakling, 1800 kr. á hjón, en 700 kr. á ómaga, en utan Reykjavíkur er hann 600 kr. á ómaga, en annars sami.

Þessi persónufrádráttur hefur verið of lágur undanfarin ár, og hefur Sózialistaflokkurinn áður gert tilraun til þess að fá hann hækkaðan. Síðan tekjur manna tóku að rýrna og yfirvöldin gerðu með vísitölubindingunni og aukningu dýrtíðarinnar enn frekari ráðstafanir til að rýra afkomu alþýðu manna, er nú orðið svo aðkallandi að létta sköttum af lágtekjumönnum, að þessi hækkun persónufrádráttarins, sem hér er farið fram á, verður að teljast óumflýjanleg.

Auk þessarar hækkunar, sem hér er lagt til, að verði á persónufrádrætti, helzt sú regla gildandi laga að færa niður tekjur, áður en persónufrádráttur er frá dreginn, sem samsvarar, að dýrtíðarvísitala sé lögð á persónufrádráttinn. Ef þetta yrði að lögum, yrðu því skattfrjálsar tekjur 5 manna fjölskyldu í Reykjavík 18 000 krónur.